

REGLUGERÐ

217

9. des.

um bann gegn sölu eða veðsetningu á erlendum innstæðum á biðreikningum.

1. gr.

Bannað er að selja eða veðsetja innieignir þær í erlendum gjaldeyri, sem lagðar hafa verið á biðreikninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. desember 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., nema samþykki nefndar þeirrar, er getur í 2. gr. nefndra laga, komi til.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100000 krónum og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., sbr. lög 9. desember 1941, um breyting á þeim lögum.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. desember 1941.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson

SAMÞYKKT

218

17. des.

um breyting á samþykkt um sýsluvegin Svínvetningabraut, nr. 79 12. okt. 1920.

1. gr.

Í 3. gr., á eftir 7. málsgrein a-loðs, komi:

Af eyðijörð er þó ekki skylt að greiða nema hálf gjöld, enda hafi jarðeigandi ekki 3% af fasteignamati sem tekjur af jörðinni, að dómi félagsstjórnar. Þó skal ekkert gjald greiða af eyðijörðum, sem engar nytjar eru af.

2. gr.

Í 3. gr., aftan við b-lið, 3. tölulið, komi nýir töluliðir, svo hljóðandi:

4. af hverjum fullorðnum ref	50 aura
5. — — yrðling að hausti	25 —
6. — — fullorðnum mink	25 —

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. desember 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.